



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Þeir sem váttryggðir eru.

- 1.1 Váttryggðir eru váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

### 2. Greiðsla iðgjalds.

- 2.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 2.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur, skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 2.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur, skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 2.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 2.5 Falli váttrygging niður, skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 2.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 3. Verðtrygging og vísitala.

- 3.1 Váttryggingarfjárhæðir og aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf váttryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 3.2 Fjárhæðir sem tilgreindar eru á yfirlitsmynd Innbútryggingar aftast í skilmálum þessum miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar þegar hún var 436,3 stig í ágúst 2016. Fjárhæðirnar breytast einu sinni á ári við upphaf váttryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölunni.

### 4. Gildistími – endurnýjun og uppsögn.

- 4.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. (grein) 2.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 4.2 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

### 5. Tilkynning um tjón.

- 5.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið. Sama gildir ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að váttryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.
- 5.2 Auk tilkynningar til félagsins, skv. 1. mgr. skal jafnframt tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.
- 5.3 Verði þjófnaður erlendis, skal skýrsla lögreglu á staðnum fylgja tilkynningu til félagsins um tjónið.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 5.4 Þegar um þjófnað er að ræða, verður váttryggður að sanna að slíkur atburður hafi átt sér stað. Félagið greiðir ekki bætur, þegar váttryggður hefur gleymt hlut, týnt honum eða farið þannig með að við missi mætti búast.
- 5.5 Vanræksla á skyldum váttryggðs, skv. 1. til 4. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta efir lögum nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 6. Ráðstafanir til varnar tjóni.**
- 6.1 Þegar það atvik sem váttryggt er gegn, hefur gerst eða hættu er á að það beri að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta, sbr. (samanber) lög um váttryggingarsamninga.
- 7. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi váttryggðs.**
- 7.1 Valdi einhver hinna váttryggðu tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra váttryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.
- 8. Váttrygging hjá öðru félagi.**
- 8.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur váttrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga um váttryggingarsamninga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um Slysatryggingu í frítíma skv. III. kafla.
- 9. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar.**
- 9.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:
- a. stríð, óeirðir, uppbót, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
  - b. af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
  - c. eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
  - d. hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.
- 10. Greiðsla bóta og vextir.**
- 10.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 11. Endurkröfuréttur.**
- 11.1 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.
- 12. Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).**
- 12.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 12.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 12.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 12.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.
- 13. Váttryggingarsvið.**
- 13.1 Í váttryggingu þessari eru ellefu tegundir váttrygginga, þar af eru fimm valkvæðar, með eftirfarandi heiti:
- I. Innbústrygging,



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- II. Ábyrgðartrygging,
- III. Slysartrygging í frítíma,
- IV. Greiðslukortartrygging,
- V. Málskostnaðartrygging.
- VI. Forfallartrygging, (Valkvæð, skildagi nr. 13)
- VII. Farangurstrygging, (Valkvæð, skildagi 2)
- VIII. Farangurstafartrygging, (Valkvæð skildagi 2)
- IX. Sjúkrakostnaðar- og ferðarofstrygging erlendis, (Valkvæð, skildagi 1)
- X. Innbúskaskó, (Valkvæð, skildagi 12)
- XI. Áfallahjálp.
- XII. Heimagingartrygging (Valkvæð, skildagi nr. 14)

### Skilmálar fyrir einstakar vátryggingar.

#### I. INNBÚSTRYGGING.

##### 14. Vátryggingarstaðurinn.

- 14.1 Vátryggingin gildir á því heimili vátryggingartaka sem nefnt er í vátryggingarskírteini. Hún tekur jafnframt til innbús sem um stundarsakir er hérlendis utan heimilis hans, þó ekki í lengri tíma en 12 mánuði frá því það fór fyrst af heimili. Hámarksbætur takmarkast þá við 15% vátryggingarfjárhæðarinnar. (Sjá nánar yfirlitsmynd aftast í skilmálunum).
- 14.2 Við búferlaflutning innanlands gildir vátryggingin á báðum stöðum í einn mánuð frá þeim tíma sem vátryggður fékk umráð yfir hinu nýja húsnæði. Tjón við flutning innbús er undanskilið.
- 14.3 Skyld er að tilkynna félaginu verði breytingar á vátryggingarstað innan vátryggingartímabilsins, ella getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 24. gr. laga um vátryggingasamninga.

##### 15. Vátrygðir munir.

- 15.1 Vátryggt er innbú og aðrir persónulegir lausafjármunir vátryggðs sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Sérstakar reglur gilda um sérgreint innbú sem sjá má á yfirliti yfir vátryggingarsvið innbústryggingar aftast í þessum skilmálum.
- 15.2 Vátryggingin tekur til auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, pallahýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu vátryggðu og eru til einkanota, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri læstri geymslu á heimili vátryggingartaka sem tilgreint er í vátryggingarskírteini. Hámarksbætur við hvern tjónsatburð eru 2% af vátryggingarfjárhæðinni.

##### 16. Munir sem vátryggingin bætir ekki.

- 16.1 Vátryggingin bætir ekki tjón á dýrum, vélknúnum ökutækjum, hjólhýsum, tjaldvögnum, bátum eða loftförum, þ.m.t. drónum, né heldur hlutum sem tilheyra nefndum tækjum nema að því marki sem fram kemur í gr. 15.2.

##### 17. Vátryggingarsvið.

- 17.1 Bótaskyld tjónsatvik og takmarkanir á bótaskyldu með tilliti til einstakra innbúsmuna eru tilgreind á sérstakri yfirlitsmynd sem er að finna aftast í skilmálunum.
- 17.2 Auk vátryggingarverndar skv. 1. mgr. er vátryggingartaka heimilt að kaupa víðtækari innbústryggingu er nefnist Innbúskaskó. Um hana gildir sérstakur skildagi sem prentaður er aftan við almennu skilmálana.

##### 18. Björgunarkostnaður og afnotamissir.

- 18.1 Vátryggingin bætir tjón og kostnað sem vátryggður kann að verða fyrir vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða yfirvofandi tjóni eins og nánar er mælt fyrir um í 38. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 18.2 Vátryggingin bætir afnotamissi húsnæðis, ef nauðsynlegt reynist að flytjast úr því vegna bótaskylds tjóns samkvæmt vátryggingarskilmálum þessum. Bætur miðast við þann tíma sem viðgerð stendur yfir og miðast við leigu á sambærilegu húsnæði og tjónið varð í. Bæturnar geta þó ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 1% af vátryggingarfjárhæðinni fyrir hvern mánuð og greiðast ekki fyrir lengri tíma en sex



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

mánuði eftir hvern váttryggingaratburð. Eyðileggist húsnæðið og ekki er gert við það, greiðist afnotamissir sem nemur einum mánuði. Ef húsaleigukostnaður er greiddur úr annarri váttryggingu greiðist ekki afnotamissir úr tryggingu þessari.

### 19. Ákvörðun bóta.

- 19.1 Bætur miðast, að svo miklu leyti sem unnt er, við það að fjárhagsstaða váttryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið.
- 19.2 Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur.
- 19.3 Þrátt fyrir ákvæði í grein 19.2 og um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna þá gilda neðangreindar afskriftareglur:

#### Munir sem afskriftaregla tekur til:

#### Ár án aldurs- frádráttar

#### Eftir það árlegur frádráttur

Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Hljómflutningstæki, sjónvörp og útvörp	2 ár	10%
Myndspilarar og myndupptökutæki	1 ár	20%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Myndavélar og linsur	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

Frádráttur getur hæstur orðið 70%.

- 19.4 Varðandi tölvur gildir sú sérregla að þær afskrifast um 10% af endurnýjunarverði fyrir hverja sex mánuði sem líða frá kaupdegi til tjónsdags. Tölvur 5 ára eða eldri bætast því ekki. Varðandi síma og spjaldtölvur og hvers konar önnur snjalltæki, ásamt fylgihlutum þeirra gildir sú sérregla að þessir munir afskrifast um 20% af endurnýjunarverði fyrir hverja sex mánuði sem líða frá kaupdegi til tjónsdags. Tæki eldri en 30 mánaða bætast því ekki.
- 19.5 Bætur vegna tjóns á filmum eða myndböndum takmarkast við verð á nýjum óáteknum filmum eða myndböndum. Minjagildi bætist ekki.
- 19.6 Félagið ákveður hvort tjón sé bætt með greiðslu peninga, með greiðslu kostnaðar vegna fullnægjandi viðgerðar, eða með því að afhenda tjónþola muni samsvarandi þeim sem tjón varð á.
- 19.7 Tjón á munum sem tilheyra pari eða samstæðu bætast hlutfallslega.
- 19.8 Ef tjón á mun er bætt sem altjón getur félagið krafist afhendingar á hinum váttryggða mun. Glataðir eða stolnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess.

### 20. Váttryggingarfjárhæð, undirtrygging og eigin áhætta.

- 20.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á váttryggingarárinu er sú váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 20.2 Nauðsynlegt er, að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti alls innbúsins.
- 20.3 Ef breytingar, aðrar en á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, verða á verðmæti innbús á váttryggingartímabilinu, er nauðsynlegt að váttryggður tilkynni félaginu það til þess að fullur bótaréttur haldist.
- 20.4 Ef heildarverðmæti hins váttryggða innbús er hærra en váttryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti innbús er til dæmis tvöfalt hærra en váttryggingarfjárhæðin, hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. (krónur) 1.000.000, verða aðeins kr. 500.000.
- 20.5 Hafi tjón á innbúi verið bætt, lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabilsins.
- 20.6 Gegn hlutfallslegu viðbótariðgjaldi má þó hækka váttryggingarfjárhæðina í það sem hún var fyrir tjón.
- 20.7 Eigin áhætta váttryggðs vegna hvers tjónsatviks er sú fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### II. ÁBYRGÐARTRYGGING.

#### 21. Almennt um skaðabótaskyldu og ábyrgðartryggingu.

- 21.1 Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni, sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá, sem sóttur er til greiðslu bóta, á ekki sök á tjóninu, ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð.
- 21.2 Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan, ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti, sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað, sem vátryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.
- 21.3 Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni, ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, sé hann krafinn bóta vegna tjóns, sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga.
- 21.4 Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

#### 22. Gildissvið ábyrgðartryggingarinnar.

- 22.1 Skaðabótaskylda að lögum. Félagið vátryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan sem einstakling (þ.e. það er) utan atvinnurekstrar) samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þ.m.t. fasteignum og dýrum) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Vátryggingin bætir þó ekki skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan vegna atvinnu hans, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu hjá öðrum
- 22.2 Bætur umfram lagaskyldu. Valdi barn vátryggingartaka tjóni, sem ekki er bótaskyldt að lögum, bætir félagið tjónið sé barnið yngri en 10 ára. Ef sá sem tjón bíður er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótaréttur í samræmi við það. Vátryggingarvernd samkvæmt ákvæði þessu gildir ekki, þegar barnið er aðili að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

#### 23. Undanskildar áhættur.

- 23.1 Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:
- sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum,
  - á munum, sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munum, sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust,
  - sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á sem eigandi eða notandi skips, báts, loftfars, þ.m.t. dróna, skotvopns, dýrs eða skráningarskylds vélknúins ökutækis,
  - sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu,
  - vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál,
  - vegna endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum,
  - sem fellur á vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta nema Fasteignatrygging sé í gildi sem viðbót við Heimatryggingu,
  - sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs sjávar eða vatns, þó að því undanskildu ef tjónið verður rakið til eins ákveðins atburðar,
  - sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka,
  - sem verður í fjallabruni á reiðhjólum og við þátttöku í hvers konar hjólréiðakeppni eða æfingum til undirbúnings fyrir hjólréiðakeppni.
- 23.2 Ef svo háttar til að í gildi er bæði Heimatrygging og Fasteignatrygging, sbr. g. lið 1. mgr., nær ábyrgðartryggingin jafnframt til ábyrgðar vátryggðs vegna tjóns sem verður í tengslum við minni háttar viðhald eignarinnar. Fari áætlaður kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds eignarinnar hins vegar fram úr 5% brunabótamats hennar, eða ef vinnupallar eru notaðir við framkvæmdirnar, ber að tilkynna félaginu um það, enda nær ábyrgðartryggingin ekki óbreytt til framkvæmda við slíkar aðstæður.

#### 24. Landfræðileg takmörk og tímatakmörk.

- 24.1 Vátryggingin gildir á Íslandi svo og á ferðalagi innan Evrópu í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi.





# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

24.2 Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hafa sér stað á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrir en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón, sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er váttryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á váttryggingartímanum.

24.3 Leiki vafi á því hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni, ber að telja að það hafi orðið, er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

### 25. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta váttryggðs.

25.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á váttryggingarárinu er sú fjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

25.2 Auk bóta til tjónþola greiðir félagið kostnað við málsvörn, enda þótt þetta samanlagt nemi hærri fjárhæð en váttryggingarfjárhæðinni. Utan Norðurlanda takmarkast þó bótaskyldan við váttryggingarfjárhæðina.

25.3 Í hverju tjóni ber váttryggður 10% eigin áhættu, en með hámarki og lágmarki, sem fram kemur á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

## III. SLYSATRYGGING Í FRÍTÍMA.

### 26. Inngangur og hugtakið slys.

26.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss, sem váttryggður verður fyrir, eftir reglum þeim, sem nánar greinir í skilmálum þessum.

26.2 Með orðinu „slys“ í skilmálum þessum er átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

26.3 Við meiðsli á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Útlimir eru samkvæmt skilmálum þessum griplimir, frá axlarlið að telja, og ganglimir frá mjaðmarlið.

### 27. Gildissvið.

27.1 Váttryggingin gildir aðeins í frístundum váttryggðs, við heimilisstörf og við skólanám og greiðir félagið bætur vegna:

- dauða,
- varanlegs líkamstjóns (varanlegrar örorku) og
- tannbrots.

### 28. Takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar.

28.1 Váttryggingin nær ekki til slysa sem váttryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáætta fylgir né heldur þegar váttryggður er á beinni leið til eða frá vinnu.

28.2 Slysatrygging þessi greiðir ekki bætur vegna slysa af völdum vélknúins ökutækis sem skráningarskyllt er á Íslandi, né slysa af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að váttryggja ökutækið vegna slíkra slysa

28.3 Váttryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slysa sem váttryggðir 16 ára og eldri verða fyrir vegna þátttöku í keppni eða æfingum til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum og vegna slysa skv. a. og b lið gr. 28.4. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í æfingum og keppni í golfi og víðavangs- og götuhlaupi.

28.4 Váttryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss sem rakið verður til þátttöku váttryggðs í eftirfarandi athöfnum:

- hnafaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarsökki, teygjustökki, klettaklifri, fjallaklifri, ísklifri, bjargsigi eða froskkölfun,
- fjallabruni á reiðhjóli og hvers konar hjólreiðakeppnum.
- flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi flugmálayfirvalda,
- handalögmáli, refsiverðum verknaði, neyslu deyfí- og/eða eiturlyfja,
- ljósböðum, lækningameðferð eða lyfjanotkun, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 28.5 Vátryggingin bætir heldur ekki tjón:
- sem verður vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu nautnalyfja,
  - af völdum sýkingar af skordýrabiti eða –stungu,
  - vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- 28.6 Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss sem verður í fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð fjalls er meiri en 4.000 metrar frá sjávarmáli.
- 29. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.**
- 29.1 Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem vátryggingin nær til.
- 29.2 Vátryggingin nær ekki til slyss, sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, bæklun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að vátryggður verður fyrir varanlegu líkamstjóni, er einungis greitt fyrir þann hluta líkamstjónsins sem ætla má að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.
- 29.3 Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.
- 30. Landfræðileg mörk.**
- 30.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 30.2 Þrátt fyrir ákvæði gr.1.1 gildir tryggingin fyrir námsmenn erlendis í allt að 92 daga eftir brottför frá Íslandi við upphaf náms.
- 31. Ráðstafanir vegna slyss.**
- 31.1 Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.
- 31.2 Tilkynna skal slys þegar í stað til félagsins á þar til gerðum eyðublaðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 31.3 Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða vátryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrri heilsufar vátryggðs.
- 31.4 Deyi vátryggður af slysförum, á félagið rétt á að líkið verði krufið til að leidd verði í ljós dánarorsök og annað, sem máli getur skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 31.5 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.
- 31.6 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins, þó innan þeirra tímamarka sem nánar greinir í 33. gr., skal senda félaginu læknisvottorð. Félagið aflar þá mats á afleiðingum slyssins í samráði við vátryggðan. Slíkt mat skal jafnan lagt til grundvallar við ákvörðun bóta úr vátryggingunni. Ef augljóst er að mati félagsins á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og/eða miskatöflu Öror-kunefndar að lágmarki örorku skv. gr. 33.2 verði ekki náð mun félagið ekki standa að og greiða fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.
- 32. Dánarbætur.**
- 32.1 Valdi slys dauða vátryggðs innan eins árs frá slysdegi, greiðist maka eða sambýlismaka, sbr. gr. 1.1 sú fjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sé maki eða sambýlismaki vátryggðs eigi á lífi greiðast dánarbætur til barna vátryggðs. Sé vátryggður barn, greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til vátryggðra skv. gr. 1.1, ef þau bæði teljast ekki til vátryggðra. Dánarbætur greiðast að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- 32.2 Hafi vátryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann, sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu.
- 32.3 Ef slasaði deyr af völdum slyssins, þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, þó aldrei hærri fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

32.4 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr.

### 33. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón.

33.1 Valdi slys vátryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar fjárhæðar, sem var í gildi á slysdegi.

33.2 Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Lægri varanleg örorka en 15% bætist ekki.

33.3 Vegna 100% örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega, sbr. 9. mgr.

33.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

33.5 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

33.6 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

33.7 Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur skv. bráðabirgðaörorkumati, sbr. 5. og 6. mgr.

33.8 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

33.9 Bætur vegna varanlegs líkamstjóns greiðast í hlutfalli við grunnvátryggingarfjárhæð, eins og hún er tilgreind á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og í gildi var á slysdegi, þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% vegur tvöfalt, hvert örorkustig frá 51–75% vegur þrefalt og hvert örorkustig frá 76–100% vegur fjórfalt. Við 100% örorku verða bætur því 250% af grunnvátryggingarfjárhæð.

### 34. Bætur vegna tannbrots.

34.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5,5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorkutryggingarinnar vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 9,5% af sömu fjárhæð.

34.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast. Þá bætist ekki tjón svo sem vegna brota á tönnum við vinnuslys eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist af opinberum tryggingastofnunum samkvæmt lögum um almannatryggingar og reglugerðum um þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

### 35. Aldursmörk.

35.1 Sé vátryggður eldri en 60 ára, er hann slasast, verða örorkubætur eftirtaldir hundradshlutar af grunnvátryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skírteini eða endurnýjunarkvittun:

61 árs 95%	62 ára 90%
63 ára 85%	64 ára 80%
65 ára 75%	66 ára 70%
67 ára 65%	68 ára 60%
69 ára 55%	70 ára 50%
71 árs 45%	72 ára 40%
73 ára 35%	74 ára 30%
75 ára 25%	76 ára og eldri 20%

35.2 Börn yngri en 16 ára og einstaklingar 67 ára og eldri eru ekki vátryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.





# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 36. Vísitölubinding bótafjárhæða.

- 36.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hér segir:
- Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til dánardags.
  - Örorkubætur vegna varanlegs líkamstjóns breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

## IV. GREIÐSLUKORTATRYGGING

### 37. Bótasvið og landfræðileg mörk.

- 37.1 Allt að tiltekinni fjárhæð, sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, bætir váttrygging þessi á váttryggingartímabilinu tjón sem hlýst af því að greiðslukort hins váttryggða tapast og óviðkomandi aðili notar það með svíksamlegum hætti. Það er skilyrði fyrir bótum að váttryggður hafi farið í einu og öllu eftir reglum útgefanda greiðslukortsins og hafi tilkynnt honum hvarfið tafarlaust. Að öðrum kosti geta bætur fallið niður í heild eða að hluta.
- 37.2 Váttryggingin gildir á Íslandi svo og á ferðalögum erlendis.

## V. MÁLSKOSTNAÐARTRYGGING

### 38. Inngangur.

- 38.1 Hlutverk Málskostnaðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði váttryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns.
- 38.2 Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu, sem ekki þolir bið.
- 38.3 Félaginu ber skylda til að tilkynna váttryggðum hvort málið falli undir Málskostnaðartrygginguna eftir að fullnægjandi upplýsingar hafa borist um málið.

### 39. Nánari afmörkun á bótasviði váttryggingarinnar.

- 39.1 Váttryggingin tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að tefla ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur váttryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkrri meðferð. Váttryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó því aðeins að endurupptaka sé heimilud og skilyrði 43. gr. séu fyrir hendi.
- 39.2 Váttryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings, sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

### 40. Málskostnaður sem váttryggingin bætir ekki.

- 40.1 Váttryggingin bætir ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem nánar eru tilgreind hér á eftir í 2. til 12. mgr.
- 40.2 Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- 40.3 Sem er í tengslum við atvinnu eða embættis váttryggðs.
- 40.4 Sem varðar ábyrgð sem váttryggður hefur gengið í.
- 40.5 Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- 40.6 Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum váttryggða.
- 40.7 Sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar.
- 40.8 Sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.
- 40.9 Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

40.10 Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn váttryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem váttryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

40.11 Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. (til dæmis) ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.

### 41. Val á málflytjanda.

41.1 Það er skilyrði bótaskyldu að váttryggður hafi leitað sér aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Váttryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis félagsins.

### 42. Bótageiðslur.

42.1 Þegar ágreiningsmál skv. gr. 39.1 hefur verið til lykta leitt greiðir félagið nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað, sbr. 3. mgr., sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Váttryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að leita umsagnar gjafsóknarnefndar, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

42.2 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar ber váttryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd LMFÍ skv. 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

42.3 Félagið greiðir:

- þóknun lögmanns og kostnað,
- kostnað við að afla álitserða, ef lögmaður váttryggðs biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar,
- kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum,
- réttagjöld,
- málskostnað sem váttryggður er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls,
- málskostnað sem váttryggður tekur á sig með dómsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærrí málskostnað ef dómur hefði gengið.

42.4 Ekki eru greiddar bætur vegna:

- eigin vinnu, tekjuskerðingar, ferða- og dvalarkostnaðar og annars kostnaðar váttryggðs,
- fullnustu dóms, úrskurðar eða sáttar,
- aukakostnaðar sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann,
- aukakostnaðar sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

### 43. Frekari skilyrði þess að málskostnaður verði greiddur.

43.1 Hægt er að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. Hafi váttryggður haft sams konar váttryggingu hjá öðru félagi fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til góða.

43.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur váttryggður samt sem áður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar kröfunni, hafa gerst eftir að váttryggingin tók gildi.

43.3 Ef váttryggður hefur ekki lengur Málskostnaðartryggingu eða sambærilega váttryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr váttryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.

### 44. Landfræðileg mörk.

44.1 Váttryggingin gildir vegna bótaskyldra atvika sem verða á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda ferðadaga talið frá brottfarardegi.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 45. Vátryggingarfjárhæð.

- 45.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð Málskostnaðartryggingar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um.
- 45.2 Um eitt tjónsatvik telst vera að ræða ef hinir vátryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef vátryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjónsatvik svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

### 46. Eigin áhætta vátryggðs.

- 46.1 Vegna hvers tjónsatviks ber vátryggður eigin áhættu sem er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### 47. Endurkrafa.

- 47.1 Að svo miklu leyti sem bætur vegna vátryggingarinnar hafa verið greiddar eignast félagið rétt hins vátryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

## Valkvæðar tryggingar

## VI. FORFALLATRYGGING (Valkvæð, skildagi nr. 13)

### 48. Hverjir eru vátryggðir?

- 48.1 Vátryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í gr. 1.1.
- 48.2 Einnig eru börn vátryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára vátryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau hyggjast fara í ferðalag til útlanda í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.

### 49. Vátryggingarsvið.

- 49.1 Vátryggingin bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að vátryggingarfjárhæð vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæða er ein af eftirfarandi:
- andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni,
  - að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:
    - andist
    - hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni,
  - verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru vátryggðs nauðsynlega enda liggja lögregluskýrsla fyrir um atburð og samráð verið haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð,
  - vitnaskylda fyrir dómi,
  - forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt,
  - röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins vátryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té,
  - rán flutningsfars.
- 49.2 Tilvik skv. 1. málsgrein skulu vera þess eðlis að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.
- 49.3 Vátryggingin bætir ekki:
- tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt,
  - sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma,
  - tjón vegna alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en vátrygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur,
  - tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
    - tilskipun stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví),



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- ii. yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar,
- iii. tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans,
- iv. útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða,
- v. breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma,
- vi. aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar,
- e. tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegjar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð,
- f. tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu,
- g. tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila,
- h. tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndi fyrir brottför,
- i. tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofu og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

### 50. Váttryggingarfjárhæð.

50.1 Váttryggingarfjárhæð þ. á m. hámarksbótafjárhæð fyrir hvern hinna váttryggðu í hverjum váttryggingar-atburði fyrir sig, kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 51. Ákvörðun bóta.

- 51.1 Váttryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, ferðareikning og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 51.2 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.
- 51.3 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 51.4 Ef váttryggður greiðir sérstakt forfallagjald eða annað sambærilegt gjald hjá ferðasala eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar í því skyni að endurgreiða ferðakostnað vegna forfalla, greiðast engar bætur úr þessari váttryggingu.
- 51.5 Bætur úr váttryggingu þessari eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

### 52. Tvíttrygging.

52.1 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## VII. FARANGURSTRYGGING (Valkvæð, skildagi nr. 2)

### 53. Hverjir eru váttryggðir.

- 53.1 Váttryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í gr. 1.1.
- 53.2 Einnig eru börn váttryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára váttryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en váttryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá váttryggingartaka og/eða maka hans.

### 54. Tjón sem váttryggingin bætir.

54.1 Váttryggingin bætir tjón sem verður á hinum váttryggða farangri af völdum bruna, þjófnaðar, ráns og innbrots, flutningsslyss, skemmdarverka, svo og ef hið váttryggða tynist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í skilmálum þessum. Með flutningsslysi er átt við atvik þegar ökutæki, flugvél, skipi eða báti hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 55. Vátryggðir munir.

55.1 Vátryggðir eru persónulegir lausafjármunir sem hinir vátryggðu hafa með sér á ferðalagi.

### 56. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

56.1 Vátryggingin bætir ekki:

- a. peninga, ávísanir, ferðatékka, farseðla, verðbréf eða neins konar skjöl,
- b. tjón, þ.m.t. eftir atvikum innri skemmdir s.s. (svo sem) vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum, á brothættum eða viðkvæmum hlutum, svo sem útvarpstækjum, hljómplötum, geisladiskum, segulbandstækjum, myndbandstækjum, myndavélum, myndbands-upptökuvélum, gleraugum, postulíni, glervöru eða myndastyttum, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á,
- c. rispur, beyglur, mar eða núning, sem ekki rýra notagildi hins vátryggða,
- d. skemmdir á farangri vegna vökva og matvæla, sem höfð eru í farangri, nema farartæki hlekkist á,
- e. tóf vegna aðgerða opinberra aðila eða löghalds tollyfirvalda,
- f. tjón á munum, sem skemmast í notkun, t.d. skíðum og öðrum íþróttahöldum,
- g. tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum hibýlum, geymslum, bifreiðum og bátum,
- h. tjón á hlutum sem vátryggður gleymir, tynir, misleggur eða skildir eru eftir á almannafæri t.d. afgreiðslum flutningsaðila, baðstöðum, tjaldstæðum, almennum snyrtiherbergjum o.s.frv. (og svo framvegis).
- i. tjón sem stafar af ónógum eða lélegum umbúðum, sliti eða rýrnun, meindýrum eða eðlisbreytingum hluta,
- j. tjón á ferðatöskum í vörslu flutningsaðila.

### 57. Landfræðileg mörk.

57.1 Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda ferðadaga frá brottfarardegi frá Íslandi og heim aftur.

57.2 Vátryggingin gildir ekki þegar vátryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Vátryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

### 58. Varúðarregla.

58.1 Vátryggður skal gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir tjón. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

### 59. Vátryggingarfjárhæð.

59.1 Bætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu geta að hámarki numið 7% af vátryggingarfjárhæð Innbústryggingar eins og hún er á hverjum tíma.

### 60. Ákvörðun bóta.

60.1 Bætur eru greiddar í samræmi við þær reglur, sem gilda um Innbústrygginguna. Bætur vegna hvers einstaks hlutar takmarkast við 15% vátryggingarfjárhæðar Farangurstryggingarinnar. (Vegna þessa getur vátryggður þurft að kaupa sér viðbótarfarangurstryggingu, fari verðmæti farangursins fram úr þessum fjárhæðum.)

### 61. Eigin áhætta.

61.1 Vátryggður ber 25% eigin áhættu í hverju tjóni, en þó aldrei lægri en sem nemur þeirri fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

## VIII. FARANGURSTAFARTRYGGING (Valkvæð, skildagi nr. 2)

### 62. Hverjir eru vátryggðir?

62.1 Vátryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í grein 1.1.





# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

62.2 Einnig eru börn váttryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára váttryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en váttryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá váttryggingartaka og/eða maka hans.

### 63. Gildissvið.

63.1 Váttryggingin gildir vegna tafar á afhendingu farangurs á áfangastað í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

63.2 Váttryggingin gildir ekki þegar váttryggður stundar nám eða vinnu erlendis lengur en 92 daga og töfin verður á áfangastað þar sem váttryggður stundar nám eða störf.

### 64. Váttryggingarsvið.

64.1 Fáir váttryggður farangur sinn ekki afhentan innan 12 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafa eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri.

64.2 Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.

64.3 Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið

64.4 Bætur úr þessari váttryggingu fást greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

### 65. Varúðarregla.

65.1 Váttryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug séu ekki þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins fellur niður í heild eða að hluta.

### 66. Váttryggingarfjárhæð.

66.1 Váttryggingarfjárhæðir þ.e. hámarksbætur sem greiddar eru úr váttryggingunni á hverju tímabili og fyrir hvern váttryggðan í hverjum váttryggingaratburði koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 67. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns.

67.1 Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

### 68. Tvíttrygging.

68.1 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## IX. SJÚKRAKOSTNAÐAR- OG FERÐAROFSTRYGGING ERLENDIS (Valkvæð, skildagi nr. 1)

### 69. Hverjir eru váttryggðir?

69.1 Váttryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í gr. 1.1.

69.2 Einnig eru börn váttryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára váttryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en váttryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá váttryggingartaka og/eða maka hans.

### 70. Váttryggingarsvið.

70.1 Félagið greiðir kostnað, á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda ferðadaga frá upphafi ferðar frá Íslandi, vegna slyss, sjúkdóms eða fráfalls váttryggðs sem verða í frítíma eins og segir nánar í 71. til 77. gr. hér á eftir.

70.2 Félagið greiðir kostnað sem verður á ferðalagi erlendis vegna starfa í allt að 92 samfellda ferðadaga frá upphafi ferðar frá Íslandi ef það tengist viðskiptum án atvinnuáhættu s.s. fundahöldum, ráðstefnum eða námskeiðum.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

70.3 Vátryggingin gildir ekki þegar vátryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Vátryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

### 71. Sjúkrakostnaður sem vátryggingin bætir.

- 71.1 Vátryggingin greiðir vátryggðum bætur fyrir kostnað sem nánar er tilgreindur hér á eftir í 2. til 9. mgr.
- 71.2 Sjúkrahúsvist ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- 71.3 Læknishjálpi og lyf að læknisráði.
- 71.4 Kvalastillandi tannviðgerðir (aðeins í neyðartilvikum), þó aldrei meiri en 1% af vátryggingarfjárhæðinni.
- 71.5 Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar, þegar læknir álitur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst kostnaður vegna hjúkrunar, sjúkrafæðis o.s.frv., þó ekki meiri en 1% af vátryggingarfjárhæðinni á dag.
- 71.6 Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar vátryggðs að læknisráði og í samráði við neyðarþjónustu félagsins ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns, telji læknirinn slíks þörf.
- 71.7 Telji læknir sá, sem annast hefur vátryggðan, að heimferð með venjulegum farartækjum sé nauðsynleg og fullnægjandi, nægir félaginu skrifleg staðfesting hans. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti, dýrari farrými o.s.frv. Ef um svo alvarlegt sjúkdóms- eða slysatilfelli er að ræða að læknirinn telur að flytja verði vátryggðan heim með öðrum hætti skal neyðarþjónustu félagsins falið að annast flutninginn.
- 71.8 Látist vátryggður á ferð sinni, skal neyðarþjónustu félagsins falið að annast flutning hins látna til Íslands og samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- 71.9 Slasist vátryggður eða veikist alvarlega eða hann fellur frá á ferð sinni, greiðir félagið ferða- og dvalarkostnað náins ættingja, sem kvaddur er til dvalarstaðar hans, í samráði við neyðarþjónustu félagsins. Hámark bóta félagsins vegna hvers tjónsatviks, sem undir þennan lið fellur, nemur 6% af vátryggingarfjárhæð sjúkrakostnaðartryggingarinnar, sbr. gr. 77.1.

### 72. Endurgreiðsla orlofsferðar.

- 72.1 Sé dvöl rofin samkvæmt fyrirmælum læknis um flutning heim á fyrri hluta dvalartímans eða legið sé á sjúkrahúsi a.m.k. (að minnsta kosti) helming hans, greiðir félagið verð það sem vátryggður greiddi fyrir ferð sína fyrir upphaf hennar. Skilyrði greiðslu er að einvörðungu hafi verið um orlofsferð að ræða.
- 72.2 Eftir að ferð er hálfnuð endurgreiðir félagið hlutfallslega óafturkræfan ferðakostnað vátryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og neyðarþjónustu þess að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.
- 72.3 Hámark bóta vegna hvers tjónsatviks, sem fellur undir 1. og 2. mgr., nemur 6% af vátryggingarfjárhæð sjúkrakostnaðartryggingarinnar, sbr. gr. 74.1.
- 72.4 Bætur vegna tjónsatviks, sem fellur undir 2. mgr., greiðast einungis vegna ferðar sem varir í sex daga eða lengur og greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá vátryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

### 73. Ferðarof.

- 73.1 Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands, ef sá sem vátryggður er neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna:
- andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, sambýlismaka, barna, foreldra, systkina, tengdforeldra eða tengdabarna þess, sem vátryggður er,
  - verulegs eignatjóns á heimili þess, sem vátryggður er, eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 73.2 Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.
- 73.3 Hámark bóta félagsins vegna hvers tjónsatviks, sem fellur undir 1. mgr., nemur 6% af vátryggingarfjárhæð sjúkrakostnaðartryggingarinnar, sbr. gr. 77.1.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 74. Takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar.

- 74.1 Váttryggingin bætir ekki kostnað sem rakinn verður til eftirfarandi:
- lyfja án læknisráðs,
  - sjúkdóma er verða á níunda mánuði meðgöngutíma og leiða af fæðingu eða fósturláti, né heldur sjúkdóma vegna fóstureyðingar,
  - sjúkdóma eða slysa sem eiga rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíknilyfja,
  - langvinnra sjúkdóma og slysa sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðustu tólf mánuðum,
  - áframhaldandi meðferðar, ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim að ráði læknis þess sem hefur stundað hann og/eða neyðarþjónustu félagsins,
  - meðferðar erlendis lengur en þrjá mánuði,
  - kaupa á hvers konar stoð- og hjálpartækjum, svo sem gervilimum, gervitönnum, gleraugum, augnlinsum, heyrnartækjum o.s.frv.
- 74.2 Þær takmarkanir á bótaskyldu, sem gilda um Slysáttryggingu frítíma og tilgreindar eru í gr. 27.2, 28 og 29, gilda einnig um þessa váttryggingu eftir því sem við á. Þó greiðir félagið bætur sem stafa af sjúkdómi, slysi eða fráfalli váttryggðs af völdum matareitrunar, drykkjareitrunar eða sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

### 75. Ráðstafanir til að varnar tjóni.

- 75.1 Váttryggður skal í einu og öllu fylgja fyrirmælum þess læknis sem hefur stundað hann, svo og neyðarþjónustu félagsins. Félagið greiðir ekki aukakostnað sem af því hlýst að slíkum fyrirmælum er ekki fylgt.

### 76. Bótafrádráttur.

- 76.1 Félagið greiðir aðeins kostnað skv. 71. gr. að því marki sem hann fæst ekki greiddur af öðrum aðila, t.d. sjúkrasamlagi eða Tryggingastofnun ríkisins.

### 77. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta.

- 77.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á váttryggingarárinu er sú váttryggingarfjárhæð Sjúkrakostnaðar- og ferðarofstryggingar sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 77.2 Váttryggður ber eigin áhættu sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### X. Innbúskaskó. (Valkvæð, skildagi nr. 12).

#### 78. Gildissvið.

- 78.1 Víðtæka innbúsvernd er unnt að kaupa til viðbótar við þá vernd sem veitt er í Innbústryggingu Heimatryggingarinnar. Slík vernd ber heitið Innbúskaskó.
- 78.2 Váttryggingin tekur til tjóns á váttryggðum lausafjármunum af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á váttryggingartímabilinu. Það er skilyrði fyrir bótum úr váttryggingunni að tjónið sé ekki bótaskyldt úr Innbústryggingu Heimatryggingarinnar. Þá bætir váttryggingin ekki þann hluta tjóns sem ekki fæst bættur úr Heimatryggingunni sökum þess að bótafjárhæð er þar háð takmörkunum.

#### 79. Váttryggðir munir.

- 79.1 Váttryggingin tekur til tjóns sem verður á almennu innbúi og persónulegum lausafjármunum váttryggðs, sbr. 1. tölulið í upptalningu váttryggðra muna á yfirlitsmynd yfir váttryggingarsvið Innbústryggingarinnar. Einnig nær váttryggingin til tjóns á þeim munum sem taldir eru upp í 2., 3. og 5. tölulið á yfirlitsmyndinni. Váttryggingin tekur hins vegar ekki til tjóns á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum og mynt- og frímerkjasöfnum, sbr. 4. tölulið á yfirlitsmyndinni, né verkfærum skv. 6. tölulið. Þá tekur tryggingin ekki til tjóns á munum sem taldir eru upp í gr. 16.1.

#### 80. Landfræðileg mörk.

- 80.1 Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 ferðadaga frá brottfarardegi frá Íslandi.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 81. Undanskildar áhættur.

- 81.1 Vátryggingin bætir ekki tjón:
- þegar hið vátryggða týnist, gleymist, misleggst eða er skilið eftir á almannafæri,
  - vegna þjófnaðar,
  - af völdum snöggra hita- og/eða rakabreytinga,
  - af völdum eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds,
  - af völdum galla, útlitsgalla, samsetningargalla eða bilana,
  - af völdum heimilisdyra.

### 82. Varúðarregla

- 82.2 Vátryggður skal fylgja notkunarleiðbeiningum sem gilda um vátryggða muni, ella getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingasamninga.

### 83. Vátryggingarfjárhæð.

- 83.4 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð fyrir Innbúskaskó sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Hámarksbætur vegna reiðhjóls eru þó að hámarki kr. 150.000.

### 84. Eigin áhætta.

- 84.1 Eigin áhætta vátryggðs vegna hvers tjónsatviks er hin sama og gildir í Innbústryggingu Heimatryggingarinnar, sbr. gr. 20.7, og er nánar tilgreind á skírteini eða iðgjaldskvittun.

### 85. Önnur ákvæði.

- 85.1 Um vátryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar Heimatryggingarinnar eftir því sem við á.

## XI. ÁFALLAHJÁLP

### 86. Hverjir eru vátryggðir?

- 86.1 Vátryggðir eru þeir sem eru tilgreindir í gr. 1.1
- 86.2 Einnig eru börn vátryggingartaka og/eða maka hans sem eru 18 ára og yngri vátryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki og eru í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans þegar tjónsatvik verður.
- 86.3 Þau börn, sem um getur í gr. 86.2, eiga ennfremur rétt á áfallahjálpi ef vátryggingartaki og/eða maki hans greinast með alvarlegan sjúkdóm, lenda í alvarlegum slysum eða láta lífið þó svo þau séu ekki í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans þegar tjónsatvik verður.

### 87. Hvað er áfallahjálpi?

- 87.1 Áfallahjálpi er sálfræðilegur stuðningur við einstaklinga eða hópa sem fundið hafa fyrir sterkri vanlíðan eða ótta vegna tjónsatviks sem er svo ógnandi eða yfirþyrmandi að ætla má að fólki muni reynast erfitt að vinna úr henni án aðstoðar.

### 88. Vátryggingarsvið

- 88.1 Áfallahjálpi býðst vátryggðum þegar svo háttar til hjá honum sem segir í gr. 87.1 af völdum eftirtaldrar tjónsatvika sem verða eftir að vátryggingin tók gildi:
- vátryggður hefur lent í yfirvofandi lífshættu,
  - vátryggður hefur lent í alvarlegu slysi eða á beinan hlut að slíku slysi,
  - brotist er inn á heimili vátryggðs,
  - heimili vátryggðs verður fyrir stórtjóni,
  - vátryggður greinist með alvarlegan sjúkdóm, svo og ef börn, maki eða foreldrar vátryggðs 65 ára eða yngri greinast með alvarlegan sjúkdóm, lenda í alvarlegum slysum eða láta lífið.



# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 89. Takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar

- 89.1 Ekki er boðið upp á áfallahjálpar vegna langvarandi vanlíðan eða langvarandi erfiðleika.
- 89.2 Áfallahjálpar greiðist ekki úr váttryggingu þessari vegna erfiðleika sem tengjast ekki ákveðnu tjónsatviki skv. a.-e. liðum í gr. 88.1.
- 89.3 Áfallahjálpar býðst váttryggðum í allt að sex vikur frá tjónsatviki.

### 90. Landfræðileg mörk

- 90.1 Áfallahjálpar býðst váttryggðum vegna bótaskyldra tjónsatvika sem verða á Íslandi og á ferðalagi erlendis í ferð sem varir í allt að 92 daga.

### 91. Bótasvið

- 91.1 Félagið greiðir allt að tvö viðtöl hjá meðferðaraðilum áfallahjálpar sem félagið sér um að útvega.
- 91.2 Félagið þarf að samþykka viðtal vegna áfallahjálpar áður en það hefst.
- 91.3 Viðtöl vegna áfallahjálpar geta aðeins farið fram á Íslandi.
- 91.4 Þó að almenn áfallahjálpar sé veitt eftir tjónsatvik þá fellur ekki niður réttur váttryggðs til áfallahjálpar úr þessari tryggingu.
- 91.5 Áfallahjálpar úr þessari váttryggingu er veitt á starfsstöð meðferðaraðila, ekki á vettvangi tjónsatviks.
- 91.6 Aðeins er greiddur kostnaður vegna viðtala, annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki innifalinn í váttryggingunni.

## XII. HEIMAGISTINGARTRYGGING (Valkvæð, skildagi nr. 14)

### 92. Gildissvið.

- 92.1 Váttryggingin tekur til þjófnaðar og skemmdarverka á váttryggðum munum af völdum þeirra sem dveljast í íbúðinni á vegum leigjenda meðan á heimagistingu stendur samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Þá tekur váttryggingin til þjófnaðar og skemmdarverka á váttryggðum munum við innbrot í húsnæði sem váttryggður leigir til heimagistingar og er það skilyrði greiðsluskyldu félagsins að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.
- 92.2 Váttryggingin gildir á því heimili sem tilgreint er sem váttryggingarstaður í váttryggingarskírteini enda sé það skráð til heimagistingar hjá sýslumanni í samræmi við lög nr. 85/2007 er váttryggingaraburður verður.

### 93. Váttryggðir munir.

- 93.1 Váttryggingin tekur til tjóns sem verður á almennu innbúi og persónulegum lausafjarmunum váttryggðs, sbr. 1. tölulið í upptalningu váttryggðra muna á yfirlitsmynd yfir váttryggingarsvið innbústryggingar heimatryggingar. Einnig nær váttryggingin til tjóns á þeim munum sem taldir eru upp í 2. og 5. tölulið á yfirlitsmyndinni.
- 93.2 Váttryggingin tekur hins vegar ekki til tjóns á skartgripum, sbr. 3. tölulið á yfirlitsmyndinni; á peningum verðbréfum, handritum, frumteikningum og mynt- og frímerkjasöfnum, sbr. 4. tölulið á yfirlitsmynd, né verkfærum, varahlutum og áhöldum skv. 6. tölulið yfirlitsmyndar.

### 94. Váttryggingarfjárhæð, undirtrygging og eigin áhætta.

- 94.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á váttryggingartímabilinu er sú váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bætur vegna hvers einstaks hlutar eru þó að hámarki 500.000 kr. en 150.000 kr. vegna hvers reiðhjól, barnavagns eða barnakerru.
- 94.2 Ef heildarverðmæti hins váttryggða innbús er hærra en váttryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti innbús er til dæmis tvöfalt hærra en váttryggingarfjárhæðin, hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. 1.000.000, verða aðeins kr. 500.000.
- 94.3 Hafi tjón á innbúi verið bætt, lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabilsins. Gegn hlutfallslegu viðbótariðgjaldi má þó hækka váttryggingarfjárhæðina í það sem hún var fyrir tjón.





# 102 Heimatrygging TM2

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 94.5 Eigin áhætta váttryggðs vegna hvers tjónsatviks er sú fjárhæð sem er tilgreind í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 95. Tilkynning um tjón.**
- 95.1 Um tilkynningu til félagsins og til lögreglu fer samkvæmt 5. gr. váttryggingarskilmála eftir því sem við á.
- 96. Ákvörðun bóta.**
- 96.1 Um ákvörðun bóta fer samkvæmt 19. gr. váttryggingarskilmálanna.

### Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 28. september 2020.

# 102 Heimatrygging TM2 Yfirlitsmynd - Vátryggingarsvið innbútryggingar

	A Bruni	B Skammhlaup	C Umferðaróhöpp	D Innbrotspjófnaður
<b>Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum.</li> <li>■ Hraps loffars eða hluta frá því.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á rafmagnstækjum vegna skammhlaups í þeim.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á innbúi sem er í ökutæki er lendir í umferðaróhæppi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þjófnaðar við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloffar, sumarhús eða hjólhýsi. Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.</li> </ul>
<b>Undanþágur og takmarkanir:</b>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára. ■ Tjón sem ábyrgðarskírteini nær til. ■ Tjón sem rekja má til slits, ónógs viðhalds eða rangrar samsetningar. ■ Tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón, þegar um búferlaflutninga er að ræða. ■ Tjón á munum þegar flutt er gegn gjaldi. ■ Tjón sem fást bætt úr öðrum vátryggingum.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón vegna þjófnaðar úr íbúð sem ekki hefur verið búið í, í meira en 6 mánuði. Sama á við um hjólhýsi og sumarhús þegar ekki er búið í þeim. ■ Tjón vegna þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum sem vátryggður leigir öðrum. ■ Tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum vistarverum eða farartækjum. ■ Tjón vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum. ■ Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.</li> </ul>
<p><b>Vátryggðir munir:</b></p> <p>1) Almenn innbú og persónulegir lausafjármunir vátryggðs sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar.</p>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Aðeins rafmagnstæki eða hlutir tilheyrandi þeim.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni í:</li> <li>a) geymslum utan íbúðarhúsnæðis,</li> <li>b) útihúsum eða bílskúrum.</li> <li>■ Hámarksbætur vegna þjófnaðar á geisladiskum úr bifreiðum eru kr. 30.000 í hverju einstöku tjóni (þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá).</li> </ul>
<p><b>Sérgreint innbú:</b></p> <p>2) Málverk, listaverk, myndavélar, myndupptökutæki, myndspilarar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvörp, útvörp, segulbandstæki, tölvur, fjarskipta- og staðsetningartæki.</p> <p>3) Skartgripir, úr, hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.</p>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Aðeins myndspilari, hljómtæki sjónvörp, útvörp, segulbandstæki og tölvur eða hlutir tilheyrandi þeim.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Ekki í:</li> <li>a) geymslum utan íbúðarhúsnæðis, b) útihúsum eða bílskúrum.</li> </ul>
<p>4) Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Hámark 1% vátryggingarfjárhæðar, hver liður.</p>				<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Ekki í:</li> <li>a) geymslum utan íbúðarhúsnæðis,</li> <li>b) útihúsum eða bílskúrum,</li> <li>c) íbúðarhúsnæði sem ekki hefur verið búið í, í meira en 2 mánuði.</li> </ul>
<p>5) Læst reiðhjól, barnavagnar og barnakerrur. Hámarksbætur vegna tjóns á reiðhjóli eru kr. 150.000 (þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá).</p>				
<p>6) Verkfæri, varahlutir og áhöld, sem vátryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.</p>				<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þó ekki úr vinnuskúrum.</li> </ul>

## 102 Heimatrygging TM2 Yfirlitsmynd - Vátryggingarsvið innbústryggingar

	E Þjófnaður	F Rán	G Skemmdarverk	H Útstreymi vökva
<b>Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þjófnaður úr ólæstri íbúð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á vátryggðum munum sem valdið er af ásetningi í kjölfar innbrota.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins og tækjum tengdum þeim, vatnsrúmmum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum.</li> </ul>
<b>Undanþágur og takmarkanir:</b>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, tynir honum eða fer þannig með að við missi mætti búast.</li> <li>■ Tjón vegna þjófnaðar úr mannlausri íbúð eða úr íbúð sem vátryggður leigir öðrum.</li> <li>■ Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.</li> <li>■ Þjófnaður af hendi aðila sem einhver hinna vátryggðu hafa boðið inn á heimili sitt.</li> </ul>		<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón á munum sem voru utan dyra annars staðar en á lóð við heimili vátryggðs.</li> <li>■ Tjón af völdum vátryggðs sjálfs eða einhvers þess sem heimild hefur til veru á heimili vátryggðs.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stífflast eða springur innanhúss.</li> </ul>
<p><b>Vátryggðir munir:</b></p> <p>1) Almenn innbú og persónulegir lausafjármunir vátryggðs sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni í:</li> <li>a) geymslum utan íbúðarhúsnæðis,</li> <li>b) útihúsum eða bílskúrum,</li> <li>c) utan dyra.</li> </ul>	
<p><b>Sérgreint innbú:</b></p> <p>2) Málverk, listaverk, myndavélar, myndupptökutæki, myndspilarar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvörp, útvörp, segulbandstæki, tölvur, fjarskipta- og staðsetningartæki.</p> <p>3) Skartgripir, úr, hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hámark 5% af vátryggingarfjárhæðinni.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Ekki í:</li> <li>a) geymslum utan íbúðarhúsnæðis, b) útihúsum, c) utan dyra.</li> </ul>	
<p>4) Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Hámark 1% vátryggingarfjárhæðar, hver liður.</p>				
<p>5) Læst reiðhjól, barnavagnar og barnakerrur. Hámarksbætur vegna tjóns á reiðhjóli eru kr. 150.000 (þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá).</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki sú eigin áhætta sem gildir í innbúslíð og tilgreind er á skírteini.</li> <li>■ Sé ekki lagður fram reikningur sem sannar kaupdag, tegund og verðmæti reiðhjóls greiðast ekki hærri bætur en kr. 50.000.- (þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá).</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki sú eigin áhætta sem gildir í innbúslíð og tilgreind er á skírteini.</li> </ul>	
<p>6) Verkfæri, varahlutir og áhöld, sem vátryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.</p>			<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Aðeins í tengslum við þjófnað úr læstum híbýlum en ekki í vinnuskúrum.</li> </ul>	

## 102 Heimatrygging TM2 Yfirlitsmynd - Vátryggingarsvið innbústryggingar

	I Óveður	J Kæli- og Frystivörur	K Ofhitun á þvotti	L Brot eða hrun	M Skýfall og asahláka
<b>Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á hinu vátryggða af völdum óveðurs 28,5 m/sek (11 vindstig eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á frystikistu eða ísskáp svo og matvælum í þeim sem verða vegna þess að rafstraumur rofnar skyndilega og óvænt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda á þvotti af völdum ofhitunar í þvottavél eða þurrkara sem stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. ■ Hámark eru 5% af vátryggingarfjárhæð-inni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmda sem verða á innbúi á heimili vátryggðs af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega niður og brotna án utanaðkomandi áhrifa. Með innbúi er átt við hluti er fylgja almennu heimilishaldi svo sem húsgögn, málverk, skrautmuni og heimilistæki.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjóns á innbúi ef jarðvegsvatn flæðir inn, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku), en með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að jarðvegsvatn verður skyndilega svo mikið að jarðvegsgniðurföll leiða það ekki frá.</li> </ul>
<b>Undanþágur og takmarkanir:</b>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón á munum utanhúss. ■ Tjón sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs.</li> <li>■ Tjón af völdum úrkomu nema það sem verður sem bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón á sjálfri frystikistunni, - skápnum eða ísskápnum ef munir þessir eru eldri en 5 ára. ■ Tjón sem ábyrgðarskírteini nær til. ■ Tjón af völdum slits eða ónógs viðhalds. ■ Tjón sem verða vegna lokunar rafveitu á rafmagni.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón á sjálfri þvottavélinni eða þurrkaranum.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skemmdir á öðrum munum en þeim sem að ofan greinir, t.d. sínum, tölvum, verkfærum, gleraugum, úrum, myndavélum, myndbandstökuvélum eða öðrum persónulegum lausafjarmunum. ■ Skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til. ■ Skemmdir á munum sem einhver hinna vátryggðu veldur með því að toga, fella eða henda þeim niður. ■ Skemmdir sem verða utan heimilis vátryggðs. ■ Skemmdir af völdum vökva sem hellist niður.</li> </ul>	<p><b>Vátryggingin bætir ekki:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, frá þakrennum eða frárennissleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Viðlagatryggingu Íslands er skylt að bæta. ■ Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að vátryggður hreinsi frá niðurföllum við húseignina svo snjór, klaki eða óhreinindi stífi þau ekki.</li> </ul>
<b>Vátryggðir munir:</b> 1) Almenn innbú og persónulegir lausafjarmunir vátryggðs sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar.		<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hámark 2% af vátryggingarfjárhæðinni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Eigin áhætta er 25% í hverju tjóni, þó að lágmarki sú eigin áhætta sem gildir í innbúsið og tilgreind er á skírteini (reikningur vegna viðgerðar á þvottavélinni eða þurrkaranum fylgi bótakröfu).</li> </ul>		
<b>Sérgreint innbú:</b> 2) Málverk, listaverk, myndavélar, myndupptökutæki, myndspilarar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvörp, útvörp, segulbandstæki, tölvur, fjarskipta- og staðsetningartæki. 3) Skartgripir, úr, hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.					
4) Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Hámark 1% vátryggingarfjárhæðar, hver liður.					
5) Læst reiðhjól, barnavagnar og barnakerrur. ■ Hámarksbætur vegna tjóns á reiðhjóli eru kr. 150.000 (þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá).					
6) Verkfæri, varahlutir og áhöld, sem vátryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámark 5% vátryggingarfjárhæðar.					